

**3522. fundur bæjarráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4,  
fimmtudaginn 29. desember 2022 og hófst hann kl. 16:00.**

**Fundinn sátu:**

Líf Lárusdóttir formaður bæjarráðs, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Jónína Margrét Sigmundsdóttir varamaður, Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnslu- og fjármálasviðs og Sævar Freyr Þránínsson bæjarstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

**Fyrir tekið:**

**1. 2203032 - Fundargerðir 2022 - Samfélagsmiðstöð Dalbraut 8 - stýrihópur**

Fundargerðir stýrihóps um samfélagsmiðstöð á Dalbraut 8 nr. 6. 7 og 8.

*Fundargerðirnar lagðar fram til kynningar.*

**2. 2207107 - Fjárhagsáætlun 2023 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2024-2026**

Tillaga um hækkun útsvars til samræmis við samkomulag á milli ríkis og sveitarfélaga dags. 16. desember 2022 varðandi fjármögnun þjónustu við fatlað fólk og hækkun útsvars.

*Með vísan til ákvæða varðandi breytingu á fjármögnun á þjónustu við fatlað fólk í fyrirliggjandi samkomulagi á milli ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 16. desember 2022, er byggir á breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga sem samþykkt var á Alþingi þann 16. desember 2022, samþykkir bæjarráð að álagningahlutfall útsvars fyrir árið 2023 hækki um 0,22% og verði 14,74%.*

*Samþykkt 3:0*

*Bæjarráð leggur áherslu á að breytingin á útsvari feli í sér tilfærslu fjármuna á milli ríkisins og sveitarfélaga og er útsvarsprósenta sveitarfélaga hækkuð um 0,22% en tekjuskattsprósenta ríkisins lækka í sama mæli þannig að útsvarsgreiðendur verða ekki fyrir beinum áhrifum vegna þessa.*

*Bæjarráð vísar samþykktinni til endanlegrar ákvörðunar bæjarstjórnar Akraness.*

*Samþykkt 3:0*

*Lh  
5/20*

**3. 2212008 - Umdæmisráð Landsbyggðar - kynning á samningi, viðauka og erindisbréfi valnefndar**

Samningur um umdæmisráð landsbyggða.

*Bæjarráð samþykkir skipan umdæmisráðs sem verður eftirfarandi:*

*Aðalmenn:*

*Ómar Örn Bjarnþórsson, lögfræðingur, formaður ráðsins*

*Jóhanna Erla Guðjónsdóttir, félagsráðgjafi*

*Katrín Jónsdóttir, sálfræðingur*

*Samþykkt 3:0*

*Varamenn:*

*Sigmundur Guðmundsson, lögfræðingur, varamaður formanns*

*Póra Kemp, félagsráðgjafi*

*Eva Sjöfn Helgadóttir, sálfræðingur*

*Samþykkt 3:0*

*Bæjarráð samþykkir samning um rekstur umdæmisráðs en gert er ráð fyrir mögulegra endurskoðun fyrirkomulagsins fyrir árslok 2023.*

*Samþykkt 3:0*

*Bæjarráð vísar framangreindum samþykktum til bæjarstjórnar Akraness til endanlegrar ákvörðunar.*

*Samþykkt 3:0*

**4. 2206003 - Kosning í ráð og nefndir tímabilið 2022 - 2026**

Kosning nýrra fulltrúa í stjórn Faxaflóahafna.

*Bæjarráð samþykkir að fulltrúar Akraneskaupstaðar í stjórn Faxaflóahafna vegna tímabilsins 2023 (frá 1. janúar 2023) til og með 2026 verði eftirfarandi:*

*Aðalmaður:*

*Guðmundur Ingbór Guðjónsson*

*Samþykkt 3:0*

*Varamaður:*

*Ragnar B. Sæmundsson*

*Samþykkt 3:0*

*Samkvæmt samþykktum Faxaflóahafna ber Akraneskaupstað, Hvaljarðarsveit og Skorradalshrepp, að tilnefna sameiginlega einn óháðan fulltrúa og varamann viðkomandi, í stjórn félagsins.*

*HL SFL*

Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti eftirfarandi:

Óháður aðalmaður: Páll Snævar Brynjarsson  
Óháður varamaður: Verður tilgreindur síðar.

Samþykkt 3:0

Bæjarráð vísar málinu til bæjarstjórnar Akraness til endanlegrar ákvörðunar.

Samþykkt 3:0

5. **2211016 - Samkomulag Slökkviliðs Akraness og Hvalfjarðarsveitar og Björgunarfélags Akraness.**

Fyrirliggjandi er beiðni Björgunarfélags Akraness vegna samkomulags um kaup á dróna.

Bæjarráð samþykkir styrkveitingu til Slökkviliðs Akraness og Hvalfjarðarsveitar til samræmis við fyrirliggjandi samkomulag um kaup á dróna en heildarkostnaðurinn er samtals kr. 1.700.000 og gert ráð fyrir samningsbundinni skiptingu kostnaðarins á milli Akraneskaupstaðar og Hvalfjarðarsveitar vegna búnaðarkaupa slökkviliðsins. Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar

Bæjarráð samþykkir styrkveitingu til slökkviliðsins að fjárhæð kr. 1.134.580 vegna framangreinds sem færast á deild 07230-5946. Ráðstöfuninni er mætt af deild 20830-4280.

Samþykkt 3:0

Bæjarráð vísar samþykktinni til bæjarstjórnar Akraness til endanlegrar ákvörðunar.

Samþykkt 3:0

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:45.**

Lif Lárusdóttir

Ragnar Samundsson  
Þórunn Margrét Samundsdóttir

Sam frá krissra

Samur Helguson